# Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026

Óveruleg breyting á aðalskipulagi,
landnotkun við Garðaveg 3




Hluti þéttbýlisuppdráttar Hvammstanga - gildandi aðalskipulag (20. ágúst 2014). Mkv. 1:10.000



Þéttbýlisuppdráttur Hvammstanga (til skýringar)




Hluti þéttbýlisuppdráttar Hvammstanga - breyting. Mkv. 1:10.000

**SKÝRINGAR**

- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Opin svæði (OP)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Ár og vötn
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Gönguleiðir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 14. mars 2019

sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 17. apríl 2019

Augýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____________.

## GREINARGERÐ

Um er að ræða óverulega breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun við Garðaveg 3 íbúðarbyggð og hluti af landnotkunarreit ÍB-2. Breytingin felur í sér að reiturinn er felldur úr skipulaginu og verður svæðið hluti af nærliggjandi opnu svæði OP-2. Hluti sameinast þó nærliggjandi landnotkunar-reit S-5 sem stækkar úr um 0,41 ha í 0,43 ha. Á breytingaruppdrætti er húsagrunnur jafnframt uppfærður.

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að breyta skilgreiningu landnotkunarreitsins við Garðaveg 3 þar sem engin búseta er þar og er það ekki markmið sveitarfélagsins að þar verði íbúðabyggð.

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar styrkir jafnframt möguleika á nýtingu útivistarsvæðisins við Syðri-Hvammsá og heildarsamhengi skólasvæðisins á Hvammstanga. Fyrirhugað er að deiliskipuleggja svæðið og nærumhverfi þess og því er breyting á aðalskipulagi forsenda þess og uppbyggingu skv. deiliskipulagi.

Sveitarstjórn telur því að um óverulega breytingu sé að ræða þar sem breytingin gengur einungis út á að fella út lítinn landnotkunarreit sem er ekki í takt við þá notkun sem er þar í dag og er fyrirhuguð um svæðið. Þá mun stækkun reits S-5 greiða fyrir stækkunarmöguleikum leikskólalóðarinnar sem þar er.

Breytingin er ekki talin hafa áhrif á nærliggjandi byggð og umhverfi.

LANDMÓTUN

HÚNAÞING VESTRA

Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026

Óveruleg breyting á aðalskipulagi,
landnotkun við Garðaveg 3

Skipulagsuppdráttur og greinargerð - tillaga

| | | |
|---|---|---|
| KVARÐI A4 1:10.000 | DAGS. 6. mars 2019 | TEIKNAÐ: ABÓ |
| VERKNR. AI1901 | TEIKN nr. 1 | Br. 4. apríl 2019 |